

Borgarráð

Beiðni Orkuveitu Reykjavíkur um ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna styrks - CarbFix2

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg veiti Orkuveitu Reykjavíkur einfalda hlutfallslega ábyrgð í samræmi við eignarhlut sinn á grundvelli ákvæðis 2. mgr. 3. gr. laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur á 80% af fjárhagslegum skuldbindingum fyrirtækisins vegna styrks að fjárhæð 700 þúsund evrur komi til þess að Orkuveita Reykjavíkur verði gjaldþrota á samningstímanum sem er 42 mánuðir frá upphafi verkefnis. Um er að ræða styrk sem Orkuveita Reykjavíkur hefur sótt um hjá stofnuninni Innovation and Networks Executive Agency (INEA) hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (e. European Commission) vegna vísindaverkefnis sem nefnist CarbFix2. Að teknu tilliti til eignarhlutar Reykjavíkurborgar nemur ábyrgð borgarinnar tæplega 524 þúsund evrum.

Greinargerð:

Með erindi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. júlí 2017, er farið þess á leit að Reykjavíkurborg, ásamt öðrum eigendum Orkuveitu Reykjavíkur, gefi út staðfestingu til Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (e. *European Commission*) þess efnis, að ábyrgð eigenda fyrirtækisins sé fyrir hendi komi til gjaldþrots Orkuveitu Reykjavíkur vegna styrks sem Orkuveita Reykjavíkur hlaut nýlega frá stofnuninni Innovation and Networks Executive Agency (INEA) að fjárhæð 700 þúsund evrur vegna vísindaverkefnis sem nefnist CarbFix 2 en það tengist gashreinsun og niðurdælingu á Hellisheiði.

Heildarfjárhæð styrkja sem INEA hyggst veita til tilvitnaðs verkefnis er 2,2 milljónir evra sem mun skiptast á milli fimm styrkþega, en þar á meðal er Orkuveita Reykjavíkur sem mun fá í sinn hlut 700 þúsund evrur. Samkvæmt fyrirnefndu ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur, getur einföld hlutfallsleg ábyrgð eigenda fyrirtækisins ekki numið hærra hlutfalli en 80% af fjárþörf verkefnis sem veitt er eigendaábyrgð fyrir. Af því leiðir að Reykjavíkurborg og aðrir eigendur fyrirtækisins geta veitt einfalda hlutfallslega ábyrgð á 80% af fjárhagslegum skuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur vegna vísindaverkefnisins CarbFix2, sem eru 700 þúsund evrur, eða ábyrgð fyrir 560 þúsund evrum. Að teknu tilliti til eignarhlutar Reykjavíkurborgar nemur ábyrgð borgarinnar 523.818,4 evrum.

Þar sem Orkuveita Reykjavíkur mun leiða vísindaverkefnið CarbFix2, þá gerir INEA hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins áskilnað um að Orkuveita Reykjavíkur framvísi umræddri ábyrgð frá eigendum fyrirtækisins komi til þess að Orkuveita Reykjavíkur fari í gjaldþrot á samningstíma verkefnisins sem er 42 mánuðir frá upphafi þess. Komi upp sú staða að Orkuveita Reykjavíkur verði gjaldþrota á samningstímanum þá gæti það leitt til þess að ákveðnir verkþættir verkefnisins CarbFix2 verði ekki unnir. Við þær aðstæður gæti INEA hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins átt kröfu á hendur Orkuveitu Reykjavíkur, sem

styrkþega, um að endurgreiða þann hluta styrkfjárhæðarinnar sem hefur þá ekki verið notaður af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur til að framkvæma hlutaðeigandi verkþætti verkefnisins.

Ástæða þess að Orkuveita Reykjavíkur verður að leiða tilvitnað verkefni er sú, að mjög stór hluti verkefnisins verður unninn á lendum Orkuveitu Reykjavíkur, nánar tiltekið við Hellsheiðarvirkjun. Þannig verður búnaður sem fangar CO₂ úr andrúmslofti beintengdur við virkjunina, auk þess sem ráðgert er að gera ferilefnapróf sem skilgreinir afdrif brennisteinsvetnis og koldíoxíðs í jarðhitakerfinu og einnig tengsl niðurdælingarsvæðis á Húsmúla við framleiðslusvæði í Sleggjubeinsdal og á Skarðsmýrarfjalli. Því er nauðsynlegt að Orkuveita Reykjavíkur hafi fulla stjórn á umræddum verkþáttum en fyrirtækinu er óhægt um vik að gera það án þess að leiða verkefnið.

Samkvæmt áður nefndu erindi Orkuveitu Reykjavíkur, þá mun fyrirtækið hætta við þátttöku í verkefninu fái það ekki umbeðna ábyrgð frá eigendum. Jafnframt kemur fram í erindinu að afrakstur umrædds verkefnis, CarbFix2, muni að öllum líkindum leiða til hagræðingar og aukinna tekjumöguleika hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Tilvitnað verkefni felst í því að betrubæta þá aðferð sem Orkuveita Reykjavíkur hefur þróað við að dæla jarðhitagasi ofan í jörðina, en ráðgert er að endurbætt aðferðafræði muni spara samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur að lágmarki 160 milljónir bandaríkjadala á næstu 30 árum samanborið við hefðbundnar hreinsunaraðferðir, að því gefnu að núverandi hreinsunar- og niðurdælingargeta haldist óbreytt (30% CO₂ og 60% H₂S).

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að Reykjavíkurborg veiti Orkuveitu Reykjavíkur áður nefnda einfalda hlutfallslega ábyrgð, ásamt öðrum eigendum fyrirtækisins, á fjárhagslegum skuldbindingum fyrirtækisins vegna styrks sem það hlaut frá INEA hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 136/2013. Tilvitnuð ábyrgð verður veitt í formi staðfestingar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. júlí 2017.

Umsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkur, dags. 19. júlí 2017.